

## **Reykjavíkurráð ungmenna og Borgarstjórn Reykjavíkur** **23. febrúar 2016**

*Snorri Freyr Vigfússon, fulltrúi í Ungmennaráði Breiðholts*

### Tillaga

Skóla- og frístundasvið tryggi að í grunnskólum Reykjavíkur verði stuðningsnet jafnaldra, fyrir börn og unglunga af erlendum uppruna, hluti af móttökuteymi skólanna.

### Greinargerð:

Það er mikilvægt að taka vel á móti börnum og unglungum innflytjenda og aðstoða þau við að komast inn í menningu okkar og tengja þau við félagslífið. Það er hægt að gera með því að nemendafélög og/eða sjálfboðaliðar vinni með móttökuteyimum grunnskólanna í því að halda utan um þennan hóp. Þeir sem tækju þetta verkefni að sér þyrftu að fá fræðslu eða námskeið sem myndi nýtast þeim í að sinna þessu verkefni af alúð.